


## Niðurstöður úr Talnalykli haust 2007 fyrir Hvassaleitisskóla

Í Hvassaleitisskóla var skimunin lögð fyrir alla 18 nemendur í 3. bekk. Þetta voru átta strákar og tíu stelpur. Flestir, eða 16, þurftu bara að fara í gegnum þrep I. Hinir tveir nemendurnir, sem eru af sitt hvoru kyninu, fóru einnig í gegnum þrep II. Enginn í Hvassaleitisskóla þurfti að fara í gegnum þrep III. Í töflu 1 má sjá meðaltal Hvassaleitisskóla í öllum prófpáttum, samanborið við Reykjavík í heild.

Tafla 1. Meðaltöl prófpáttanna.

	Reikningur og aðgerðir	Tölur	Mælingar	Stærðfræðiheiti	Tölfræði	Rúm- og flatarmál	Algebra og jöfnur
Hvassaleitisskóli	13,3	12,5					
Reykjavík	10,8	9,4	5,9	8,8	9,2	9,8	8,3

Nemendur Hvassaleitisskóla voru með marktækt betri árangur<sup>1</sup> en nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar í heild í þrepi I. Á mynd 1 má sjá meðalmælitölur Hvassaleitisskóla í hverjum prófpætti ásamt vikmörkum, bornar saman við árangur skólans frá fyrri skimunum<sup>2</sup>.




Mynd 1. Meðalmælitölur í Hvassaleitisskóla í hverjum prófpætti.

<sup>1</sup>  $t(17)=5,288, p<0,001$ .

<sup>2</sup> Hvíta bilið á myndinni milli mælitölu 7 og 13 táknar meðaltal og eitt staðalfrávik frá því. Það þýðir að um 2/3 nemenda ættu að vera á þessu bili. Vikmörk eru sett inn með meðaltölum og táknud með lóðréttri línu. Vikmörkin sýna á hvaða bili meðaltalið liggur og því lengri línur því meiri dreifing á svörum nemenda.

Allir nemendur fóru í gegnum prófþáttinn *reikningur og aðgerðir*. Á mynd 2 má sjá hvernig árangur nemenda í Hvassaleitisskóla dreifðist samanborið við Reykjavík í heild, og miðað við árangurinn í skólanum árið 2006.



**Mynd 2. Hlutfall nemenda í Hvassaleitisskóla og Reykjavík í heild sinni, eftir því hvaða mælitölu þeir fengu í prófþættinum *reikningur og aðgerðir*.**

Áfram yfir í þrep 2, eða prófþáttinn *tölur*, héldu tveir nemendur. Hvorugur þeirra fékk mælitöluna 9 eða lægri, og þurftu þeir því ekki að halda áfram yfir í þrep III. Í Hvassaleitisskóla þarf því enginn á stuðningi eða sérkennslu að halda í stærðfræði

Hvassaleitisskóli hefur skólanúmerið 17 í aðalskýrslu.